

Fundargerð

Fundarefni:	4. Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla
Dags.:	10. september 2014
Fundarmenn:	Erlingur Snær Erlingsson, Guðni Björnsson, Íris Lena Leósdóttir, Karl Einarsson, Kristín Stefánsdóttir, Sigurður Grétarsson
Fjarverandi:	Hólmfríður Einarsdóttir
Ritað af:	Íris Lena Leósdóttir

1. Fundur settur.

- Guðni setti fundinn kl. 19.40

2. Fundur með skólastjóra

- Guðni, Hólmfríður og Kristín hittu skólastjóra um daginn þar sem aðallega var rætt um samstarfsáætlunina, dægradvöl og skólalóð. Börn hafa verið tekin úr dægradvöl sökum óskipulags. Óánægja sem þarf að tækla. Húsnæðisvandi er enn óleystur en skólahljómsveitin mun flytja í Kórinn á næstu 5 árum og mun þá losna húsnæði í íþróttahúsi. Guðni leggur til að skólinn haldi fund með foreldrum um dægradvölinu og var vel tekið í það. Framkvæmdum á skólalóð hefur seinkað og útlit fyrir að það seinki enn meir, jafnvel fram á næsta ár og börnin okkar líða fyrir það því mikil þörf er á að lagfæra skólalóðir við Digranes og Hjalla.

3. Fulltrúaráðsfundurinn

- Dagskrá – hugmyndir:
 - Dagsetning líklega 17. september. Guðni pantar salinn í Hjalla.
 - Kynning á stjórn og vetrarstarfsemi foreldrafélagsins.
 - Kynning á hlutverki bekkjarfulltrúa og foreldrasáttmálanum.
 - Skipulagning á fundum bekkja vegna foreldrasáttmálans. Kennari mæti einnig.
 - Fá fólk til að skrá sig í nefndir fyrir vetrarstarfið.
 - Helga Margrét með innlegg, umræðuefni í mótun.
 - Fá kennslu frá Saft um tölvunotkun og samfélagsmiðla.
 - Fá kennslu frá Mentor á vefinn þeirra.
 - Kynna alfhólsskoli.is/kennskjar sem er upplýsingaskjór. Árni smíðakennari sér um að setja efni á síðuna – væri hægt að fá hann til að kynna síðuna.
 - Fulltrúi nemendaráðs kynni sitt hlutverk og hugmyndir um hvernig samstarf nemendafélags og foreldrafélags eigi að vera. Hver þjálfar unga fólk í nemendaráði og leiðbeinir?
 - Pegasus kynni sitt starf.
 - Hver er gulróttin?
- Boðun. Vantar bekkjarfulltrúa frá 2 bekkjum. Listi yfir farsímanúmer bekkjarfulltrúa að verða tilbúinn. Boðun fer fram með hringingum í fulltrúa og sms sendingum. Skiptum með okkur bekkjum.
- Verkaskipting. Guðni pantar salinn. Karl útvegar veitingar. Nánari verkaskipting kemur á næstu dögum.

4. Samstarfsáætlun skóla og foreldra

- Rætt á fundi með skólastjóra. Hugmyndir komnar frá stefnumótunardegi starfsfólks og foreldra auk athugasemda foreldra úr skólapólisi. Guðni sendir stjórnarmeðlimum skjalið aftur í tölvupósti og á dropbox. **Allir í stjórninni þurfa að fara vel yfir þetta skjal og koma með athugasemdir.**

5. Foreldrarölt

- Sigurður er röltstjóri og sendir út áætlun til bekkjanna, fyrsta rölt síðasta föstudag gleymdist. Stjórnin röltir næsta föstudag. Sigurður athugar með fyrirkomulag á röltskýrslum og hugsanleg kaup á vestum og merkingu á þeim og hvar eigi að geyma og nálgast þau.

6. Önnur mál

- Haustferð 10. bekkjar rædd, huga þarf að undirbúningi og skipulagningu strax að vori. Það var ekki gert í vor og óvíst hvort eða hvernig það fyrirkomulag verður. Var gert í fyrra að frumkvæði foreldra til að hrista hópinn saman.
- Fyrirkomulag með fjáraflanir. Mætti virkja börnin betur í því og þá hvernig?

7. Fundi slitið

- Guðni sleit fundi kl. 21:05